

FUNDARGERÐ

SKJALALYKILL

3350-003-FUN-116-V01

DAGS. / TÍMI FUNDAR

27.02.2020 / 10:00 – 11:00

NR. FUNDAR

117

VERKHEITI

117. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir (START)

VERKKAUPI

START hópurinn

FUNDAREFNI

1. Skortkostnaður stórnotenda.
2. Spurningakannanir hjá almennum notendum.
3. Önnur mál

FUNDARGERÐ

IJB / 28.02.2020

FUNDARBOÐARI

IJB

FUNDARSTAÐUR

EFLA

FUNDARMENN

Ragnar Stefánsson (RS)
Benedikt Einarsson (BE)
Egill Sigmundsson (ES)
Gunnar Haukur Gunnarsson (GHG) Fjarfundur
Kjartan Rolf Árnason (KRA)
Jón Skafti Gestsson (JSG)
Ingvar Júlíus Baldursson (IJB)
Jónas Hlynur Hallrímsson (JHH)
Haukur Ásberg Hilmarsson (HÁH)

FYRIRTÆKI

Landsnet
Veitur
HS-Veitur
Norðurorka
RARIK
Landsent
EFLA
EFLA
EFLA

FJARVERANDI

Rán Jónsdóttir (RJ)
Ragnar Emilsson (RE)

FYRIRTÆKI

Orkustofnun
Orkubú Vestfjarða

DREIFING

START hópurinn

FYRIRTÆKI

FUNDARSKJÖL

NÆSTI FUNDUR

07.05.2020 / 10:00

DAGSKRÁ OG EFNI FUNDAR

ÁBYRGÐ / ÁKVÖRÐUN

Fundur START hópsins var að þessu sinni haldinn hjá RARIK, Dvergshöfða 2.

1. Skortkostnaður stórnotenda

JHH fór yfir vinnu vegna kostnaðar vegna skorts hjá stórnotendum. Búið er að hafa samband við flesta stórnotendur og halda með þeim fund. Ekki hefur náðst að koma á samtali við Elkem og Verne en unnið er að því. Fyrirspurn er í ákveðnu ferli hjá Ísal, annars er búið að funda með fyrirtækjum eða ákveða fund á næstuni. Fyrirhugað er að senda spurningarkönnun á fyrirtækin í byrjum mars. Fyrirtækin fá tvær til þrjár vikur að svara könnunni. Lagt er til að fundað verði með einstöku fyrirtæki til þess að hjálpa og leiðbeina við að svara spurningunum.

2. Spurningakannanir hjá almennum notendum

JHH fór yfir vinnu vegna spurningakannanir hjá almennum notendum. Spurt verður um rafmagnsskort á þriðjudegi í janúar. Eftir er að ganga frá texta sem útskýrir tilgang könnunnar og hvernig niðurstöður verða nýttar. Farið var yfir atriði sem tengist könnunni eins og útfærslu á stiku og val á tölum og kvörðun mælistiku sem notandi notar við að svara spurningum. Mögulega gæti komið skekkja í svörum. Einnig var greint frá mótmælasvörum og hvernig hægt er að beita reglum til að fjarlægja óeðlileg svör. Það getur þurft að vigta svör eftir aldri og landshlutum. Ef það koma of fá svör eftir landshluta getur óvissubíl orðið of mikið þannig að niðurstöður verða ekki marktækar.

Áður en könnun er lögð fram mun hópurinn prófa hana í endanlegu viðmóti á vefnum.

JHH lagði til að fá Gallup að gera könnunni og var það samþykkt. Væntanlega verður könnun gerð í apríl eða maí.

BE spurði um fjölda í úrtaki. Það þarf um 800 – 1000 svör.

KRÁ á að spyrja um eign á rafmagnsbílum? Fundarmenn voru sammála að gera það.

3. Önnur mál

- a) IJB nefndi að allar veitur hafa fengið excel skjal með upplýsingar um sínar truflanir sem fóru til Þjóðaröryggisráðs, vegna endurskoðunar á áhættumati fyrir raforkukerfið. Þetta voru truflanaskýrslur fyrir 6 tímabil sem óveður hafa geisað, tímabilin voru: 2.-3. febrúar 1991, 23.-25. nóvember, 18. janúar 1995, 16. janúar 1999, 12. september 2012 og 29. september 2012.
- b) IJB, óskaði eftir áhugaverðum myndum sem tengjast truflunum í raforkukerfinu sem ætti setja á vefinn TRUFLUN.is. Einnig væri áhugavert að setja inn frétt um truflanir í desember í fyrra.

Fleira ekki gert. Næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudag 7. maí hjá Veitum.

Ingvar J. Baldursson

Sýnt og dreift til fundarmanna:

- Glærukynningar